



*Æskan fylkir sér um frelsið, viðtal við Dr. Bjarna Benediktsson forsætisráðherra, prentað mál.*

---

Bjarni Benediktsson – Stjórnámál – Viðtal – Frelsi – Æskan – 3 tölublað - 1967

Tekið af vef Borgarskjalasafnsins

---

[bjarnibenediktsson.is](http://bjarnibenediktsson.is)

Einkaskjalasafn nr. 360

Ræður

Askja 4-5, Örk 2


©Borgarskjalasafn Reykjavíkur



## Menntunaraðstaðan - - mesta hagsmunamál unga fólksins

Fjölbreytt aðstaða til menntunar er eitt mesta hagsmunamál unga fólksins. Núverandi ríkisstjórn hefur lagt mikla áherzlu á framfarir á öllum sviðum menntamála, m.a. með byggingu skólahúsa, fjölgun kennara og þetta menntun þeirra og starfskjör, nýjungar í kennsluháttum, aukna tæknimenntun, eflingu æðri menntastofnana og fjárhagslegan stuðning við námsmenn.

Hér er aðeins unnt að gera fátt eitt að umtalsefni, en nefnd skulu eftirtalin atriði:



— Háskóli Íslands hefur eflzt verulega á þessu tímabili. Stúdentafjöldi hefur tvöfaldast og síðan 1964 hefur verið í framkvæmd 10 ára áætlun um fjölgun kennara. Innan skamms hefst bygging veglegs húsa á lóð háskólans, þar sem Handritastofnun Íslands verður til húsa auk þess, sem skólinn fær þar mjög aukio kennslurými.

— Fyrsti áfangi nýs menntaskóla í Reykjavík hefur verið tekinn í notkun. Nýtt hús hefur verið byggt við Menntaskólann í Reykjavík, bygging viðbótarhúsnæðis við Menntaskólann á Laugavatni stendur yfir og ráðgerð er ný bygging fyrir raunvísindagreinar við Menntaskólann á Akureyri. Ráðgert er að stofna menntaskóla á Ísafirði og Austurlandi.

— Nýtt stórhúsi hefur verið byggt fyrir Kennaraskóla Íslands og nú í sumar hefst bygging æfingadeildar fyrir skólann og er það liður í uppbyggingu Kennaraskólans.

— Tækniskóli Íslands var stofnaður 1963. Sá skóli á vaxandi áherslu eftir að eflast og færa út kvíarnar í náinni framtíð.

— Ný heildarlöggjöf um iðnaðslu var sett 1966, þar sem m.a. er gert ráð fyrir iðnskólum í hverju kjördæmi landsins.


— Fyrsti áfangi nýs bændaskóla á Hvanneyri er nú fókheldur.



Til eflingar fræðslu- og menntamálaum þjóðarinnar leggja ungir Sjálfstæðismenn til, að komið verði á fót Rannsóknarstofnun skólamála, sem hafi það verkefni að aðhæfa hvert fræðslustig kröfum og þörfum upprennandi kynslóðar.

Ungir Sjálfstæðismenn telja brýna þörf á samræmdri endurskoðun fræðslumála og mótun nýrrar menntastefnu, þar sem m.a. verði tekið tillit til eftirfarandi:

1. Skapa verður sem jafnasta aðstöðu til menntunar hvar sem er á landinu. Nauðsynlegt er, að lögboðinni skólaskyldu sé fullnægt. Um 10% unglinga á 15. aldersári, síðasta ári skólaskyldunnar, njóta ekki lögbundinnar fræðslu.
2. Gefa verður nemendum kost á að velja sér námsverkefni samkvæmt hæfni og áhugamálum.
3. Endurbæta þarf tengsl skóla gagnfræðastigsins við sérskóla og þá fyrst og fremst við iðnskóla.
4. Tæknimenntuðu og háskólamenntuðu fólki þarf að fjölga. Efla þarf Háskóla Íslands og fjölga þar kennslugreinum.
5. Auka þarf námsgreinaval.



Árið 1956 námu lánveitingar Húsnæðismálastofnunar ríkisins 63,7 millj. kr. Árið 1966 námu þær 343,4 millj. kr.

### Aukin lán - lækkun byggingarkostnaðar


Í samræmi við skoðun Sjálfstæðisflokksins á eignarréttinum hefur það ætíð verið stefna hans, að sem felstir ættu eigið þak yfir höfudið. Nú búa um 75% allra fjölskyldna í landinu í eigin húsnæði. Er það herra hlutfall en hjá nokkurrí annarri þjóð. Enn þarf að hækka þetta hlutfall.

Það er stefna ungra Sjálfstæðis manna;

- 1) að byggja þurfi upp lánakerfi, sem veiti húsbýggjendum lán allt að 80% af kostnaðarverði íbúða, þannig, að Húsnæðismálastjórn veiti lán allt 50% kostnaðarverðs meðalíbúðar, að lífeyrissjóður veiti lán allt að 30% kostnaðarverðs, og eigið fé nemi aðeins 20% kostnaðarverðs,
- 2) að unnið verði markvisst og á skipulegan hátt að lækkun byggingarkostnaðar með vísindalegum rannsóknum og tæknilegum aðgerðum.

Rannsóknarstofnun byggingariðnaðarinnar vinnur að endurbótum í byggingariðnaði og lækkun kostnaðar við mannvirkjagerð.

Þá hefur iðnaðarmálaráðherra skipað sérstaka nefnd, sem vinnur að athugun á byggingarkostnaði í landinu.



### Námslán og námsstyrkir

Fjárhagslegur stuðningur ríkisvaldsins við stúdenta við Háskóla Íslands og íslenska námsmenn erlendis hefur verið stóraukinn á undanföllum árum. Tvívegis á viðreisnartímabilinu hefur verið sett löggjöf um þetta efni með þeim árangri, að lán og styrkir til námsmanna hafa aukizt úr 3,8 millj. kr. 1959 í 29,8 millj. kr. á þessu ári og er þetta 685% hækkun.

## ÆSKAN VIÐ KJÖRBORÐIÐ

Útgefandi:  
SAMRÁÐ UNGRA SJÁLFSTÆÐISMANNA,  
Valhöll, Reykjavík.  
Ritnefnd:  
Ármann Sveinsson, Birgir Isl. Gunnarsson (áð.)  
Jón E. Ragnarsson, Ragnar Kjartansson.



Prentað í Lithoprenti



### Innland stálskipasmíði

Þróðingarmesta iðngreinin, sem risið hefur í landinu á viðreisnartímabilinu, er nýsmíði stálskipa. Ríkisstjórnin hefur stuðlað að viðgangi þessarar iðngreinar með ýmsu móti, m.a. með fyrirgreiðslu um sérstakar lánveitingar til hennar, niðurfellingu tolla og ríkisábyrgð á lánun allt að 30 millj. kr. til byggingar dráttarbrauta og skipasmíðastöðva. Um sl. áramót voru 6 stálskip smíðuð hér á landi, og er stærð þeirra áætluð samtals 1950 brúttórumlestir. Hið stærsta þeirra verður 520 brúttórumlestir, og er það stærsta stálskip sem smíðað hefur verið á Íslandi.



á allan hátt. Það blasir hinsvegar við öllum, hversu mikill ávinningur hefur orðið af þeim vinnufriði, sem segja má að ríkt hafi frá því í árslok 1963. Beinn hagur þjóðarþúsins af því skiptir áreiðanlega mjög stórum fjárhæðum og hinar miklu kjarabætur almennings hin síðari ár, eiga að verulegu leyti rætur að rekja til þessa, þó að þar komi vitanlega fleira til.

Hvað um efnahagsmálafestefnu ríkisstjórnarinnar?

Deilt hefur verið um sitthvað í efnahagsmálafestefnu ríkisstjórnarinnar, en reynslan sýnir, að í heild hefur hún dugað vel. Hinar miklu lífskjara-bætur sanna það. Lífskjörin hafa batnað um 40—50% á síðustu árum, þó þjóðartekjur hafi ekki hækk- að nema um þriðjung. Í ýmis konar atvinnutekjum eru nú rúmlega 50% meiri verðmæti en voru í upp- hafi þessa tímabils. Á síðustu mánuðum hafa 2/3 hlutar þjóðarútlutnings fallið í verði um 15—40%. Unnt hefur verið að snúast við þeim vanda án þess að koma á innflutnings- eða fjárfestingarhömlum og án þess að fella gengið, en til þvilikra ráðstafana einhverra eða allra mundi tafarlaust hafa verið gripið, ef hér ríkti enn samskonar ástand og var fyrir 1960. Þetta allt sýnir hve traustan grundvöll hefur tekizt að skapa.

Hvað viltu sérstaklega segja við okkur yngstu kjósendurnar að lokum?

Mest er um vert, að þið fylkið ykkur um mál- stað frelsisins, sem flest ungt fólk vill vonandi sem fyrr fá að njóta, enda hefur það ætíð gefizt Íslending- um bezt. Þið skuluð hins vegar varlega trú þvi, að með forsjá ofanfrá sé hægt að bæta heiminn í skjótri svipan eða ryðja úr vegi öllum erfiðleikum. Menn verða að vinna fyrir heimsins gæðum, enda fagnar unga fólk þvi að fá að neyta krafta sinna, sjálfum sér og þjóðinni til framdráttar.

Í kosningunum er nú fyrst og fremst um það að velja, hvort menn vilja hverfa aftur til hinnar gömlu haftafestefnu, sem Íslendingar hafa nóg samlega reynzlu af síðasta mannsaldurinn, eða halda áfram á þeirri braut frelsis, öryggis og framfara, sem viðreisnar- stjórnin hefur markað.



## Æskan fylkir sér um frelsið

Viðtal við  
Dr. Bjarna Benediktsson  
forsætisráðherra

Hver er mikilvæðasta lagasetning á kjörtímabili- nu, sem nú er að ljúka?

Ég tel lögin um Búrfellsvirkjun og samninginn um álbræðsluna mikilvæðustu lagasetningu á kjörtíma- bilinu. Í fyrsta lagi er um að ræða langstærstu raf- magnsvirkjun, sem Íslendingar hafa ráðizt í og vegna álbræðslunnar fá Íslendingar raforkuna miklu ódýr- ari en ella. Í öðru lagi skapar þessi lagasetning grund- völl fyrir fjölbreyttara atvinnulífi í landinu, sérstak- lega iðnaði víðsvegar um landið.

Sumir hafa það á móti álbræðslu, að hún sé eign útlendinga. Það var ein af höfuðorsökum heims- kreppunnar á fjórða tug aldarinnar, að ekki tókst að koma á nauðsynlegri samvinnu þjóða á milli í efna- hagsmálum. Þvilik samvinna hefur nú komizt á í ótal efnunum. Eðli málsins samkvæmt eru Íslendingar ekki þátttakendur í henni nema að litlu leyti, en bygging álbræðslunnar er einmitt dæmi þess, að við getum notið samvinnunnar við aðra, með því að halda úrslitaráðum yfir framkvæmdum í landinu. Eftir fáa úratugi getum við síðan orðið eigendur þessa stórfyrirtækis, ef við óskum þess.

Er ekki gjörbreyttur andi í samskiptum launþega og atvinnurekenda nú frá því sem var fyrir nokkrum árum?

Á þessu kjörtímabili hefur fyrir forystu ríkisstjórn- arinnar tekizt betra samkomulag milli launþega og atvinnurekenda, en nokkru sinni fyrr. Þetta viður- kenna allir, þó að hið ótrúlega hafi átt sér stað, að ekki einungis linukommúnistar, heldur og sumir, sem telja sig lýðræðissinna hafa fjandskapast mjög gegn þessu samkomulagi og reynt að spilla fyrir því

**ÆSKAN**  
VIÐ KJÖRBORDIÐ



# Stærsta þjóðarhappdrættið er síldin segir Þorsteinn Gíslason skipstjóri



Útgerðin á við nokkra erfiðleika að etja í dag. Raddir hafa heyrt um að lækka beri skiptaprósentu, þar sem vitad mál er, að hún er mun hærri hér, en meðal nágrannaþjóða okkar. Ég er þessu mótfallinn. Það er aldrei lausn að ráðast á garðinn þar sem hann er lægstur. Við höfum aðrar leiðir til þess að rétta skarðan hlut útgerðarinnar, og mætti þar t.d. benda á, að skip, sem siglir með eigin afla til sölu á erlendum markaði, verður að greiða 25% aflaverðmætis í löndunarkostnað og háa tolla. En skip margra annarra þjóða, sem sækja sömu mið, greiða stórum lægri tolla.

Þorsteinn Gíslason, skipstjóri, er fæddur 1.12.1928 í Kothúsum í Garði, Suðurnesjamaður í húð og háar. Hann lauk kenningarprófi 1952 og stýrimannaprófi 1953. Varð kennari við Barna- og unglingaskólann í Gerðum haustið 1953, og skólástjóri þar haustið 1954 og til 1960, er hann hóf kennslu við Stýrimannaskóla Íslands.

Hann hefur verið stýrimaður og skipstjóri öll sumur frá 1953.

Hann er nú búsettur í Reykjavík. Kona hans er Vilborg Vilmundardóttir og eiga þau 3 börn. Þorsteinn skípar nú 9. sætið á framboðslista Sjálfstæðisflokksins í Reykjavík.



Hvernig lízt þér á komandi síldarvertið?

Hækkandi sól fylgir ætíð bjartsýni. Þó fer ekki á milli mála, að útgerð okkar varð fyrir þungu áfalli á síðasta ári vegna verðfalls afurðanna. En við þurfum engu að kviða. Á þeim fiskimiðum, sem við sækjum á í dag, virðist mikill fiskur, sem að visu breytir um dvalarstaði vegna breyttra aðstæðna í sjónum.

Hvað hefur valdið þinni gífurlegu afllaaukningu, sem orðið hefur á síldveiðunum síðustu ár?

Í dag stefna allar fiskveiðiþjóðir heims skipum sínum til fiskveiða búnum þeim tækjum og þeirri tækni, sem Íslendingar eru upphafsmenn að, nótaveiði með kraftblökk og notkun asdictækja.

Á örfáum árum hefur síldveiðiflotinn verið algjörlega endurnýjaður, þannig, að engin þjóð á í dag betur búin og tiltölulega eins mörg og stór síldveiðiskip og Íslendingar.

Hvað um fjárhagshliðar útgerðarinnar?

Hver er þin skoðun á framtíð togaraútgerðar hér á landi?

Það væri illa farið ef öflugasti mættarstólpi þjóðarinnar, sem nú ríðar, brysti. Togararnir hafa lengst af þessari öld verið mættarstólpinn í efnahagsafkomu þjóðarinnar, enda höfum við orðið þess áþreifanlega varir á síðasta vetri, að togaraútgerð á fullan rétt á sér.

Ænægjulegt er til þess að vita, að nú er verið að vinna að því að gera tilraun með skuttogara, sem virðast vera að leysa eldri gerðina af hölmum.

Hvers konar skuttogarar henta okkur best?

Búast má við, að um þetta séu skiptar skoðanir. Mín skoðun er sú, að okkur beri að reyna tvær tegundir. Annars vegar 300—500 smálesta skip, sem fiskað gætu á heimamiðum fyrir fiskiðurnar og þessi skip yrðu af skuttogara gerð, búin kraftblökk og einnig þannig úr garði gerð, að þau gætu stundað línu- og þorskanetjaveiðar, þannig að á mjög skömmum tíma yrði unnt að skipta um veiðarfæri. Tíminn er alltaf dýrastur.

Hins vegar frýstitogarar til úthafsveiða.

